

Fjórði fundur skráningarráðs Gegnis Fimmtudaginn 18. desember 2003.

Fjórði fundur skráningarráðs haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna,
Borgartúni 38, fimmtudaginn 18. desember kl. 14:00.

Fundarmenn:

Auður Gestsdóttir
Guðný Ragnarsdóttir
Herdís Tómasdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórdís Þórarinsdóttir

Sigrún Hauksdóttir og Ragna Steinarsdóttir komu á fundinn eftir að 1. dagskrárliður
hafði verið ræddur.

Anna Torfadóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir og Þórhildur Sigurðardóttir komu og
sátu fundinn þegar 4. dagskrárliður var ræddur og einnig Árni Sigurjónsson.

Dagskrá:

1. Skipting verka – skráningarráð.

Ákveðið var að Þóra Sigurbjörnsdóttir verði formaður skráningarráðs. Ritari verði
valinn fyrir hvern fund og verði farið eftir stafrófsröð. Var Auður Gestsdóttir
fundarritari þessa fundar.

2. Miðlun upplýsinga – staða mála.

Rætt var um hver verði staðgengill Hildar Gunnlaugsdóttur en ekki eru líkur á að
hún geti komið til starfa fyrir en eftir 4-5 mánuði. Verður það mál tekið upp við
landsbókavörð.

Varðandi miðlun upplýsinga sagði Sigrún Hauksdóttir að verið væri að ganga
frá póstlista sem heitir Vanda – eins og póstlisti skráningarfólks gamla Gegnis. Ef
koma upp vandamál varðandi skráningu á að senda þau á Vöndu og mun ritstjóri
Gegnis svara eða vísa fyrirspurn annað. Ef hann getur ekki leyst úr vandamálum
vísar hann þeim til skráningarráðs. Bréfum verður safnað saman. Á hverjum fundi
skráningarráðs verður farið yfir málin og athugað hvort búið sé að afgreiða þau og
sjá til að það verði gert. Formlegar beiðnir fara á skraning@landskerfi.is. Á
heimasíðu Landskerfis verði flokkað efnisyfirlit þar sem verða lausnir ýmissa
vandamála (frequently asked questions). Síðan verður hægt að vinna handbók úr
þessu efni. Harpa, vefstjóri Landskerfis, mun upplýsa um hvert notendur geti komið
ábendingum og kvörtunum. Á vefnum kæmi tengill merktur [ábendingar til ritstjóra](#).

3. Önnur mál.

Rætt var erindi Rögnu sem hún hafði sent í tölvupósti:

„Ég held að það þurfi einhver að hafa allsherjarheimild til að færa eintök milli
færslna. Nú er einungis hægt að færa eintaksfærslur innan sömu
stjórnunareiningar. Það er of þungt í vöfum að láta söfnin/stjórnunareiningarnar
sjálf um þetta. Ef um mörg söfn/stjórnunareiningar er að ræða verður alltaf
einhver sem gleymir sér eða trassar þetta. Þá er ekki hægt að eyða færslum sem

nauðsynlega þarf að eyða. Þetta mun oft þurfa að gera, t.d. þegar efni er tvískráð. Einnig þegar fylgiefni, sem búið var að skrá í færslu fyrir aðalefni, er skráð í sér færslu og eins þegar sameina þarf fjölbindaverk í eina færslu, en þar óttast ég að sé mikið verk fyrir höndum.“

Eins og málum er háttað núna þarf hver stjórnunareining að leiðrétta sínar færslur. Þegar búið er að leiðrétta móðurfærsluna þarf að eyða eintökum sem eru tengd við aðrar færslur af sama riti. Rætt var um hvort hægt sé að veita heimild til einhvers til að leiðrétta slíkar færslur. Sigrún Hauksdóttir taldi óhjákvæmilegt að veita þessa heimild. Ekki er hægt að treysta á að þetta sé gert í öllum 13 stjórnunareiningunum. Hægt er að setja upp biðlara á einhverja eina tölvu þar sem hægt verður að annast þessa leiðréttingar. Önnur aðferð er að einn aðili í hverri stjórnunareiningu hafi heimild til að færa eintök allrar einingarinnar yfir á rétta færslu. Þetta mál varð ekki útrætt.

Rætt var um vandamál varðandi sameiningu Gegnis og Fengs, einkum þegar margar færslur eru fyrir sama ritið í Gegni.

Skráningarráð leggur til að rit sem eru t.d. ársrit eða fjölbindaverk verði skráð á eina færslu en ekki verði gerð færsla fyrir hvert bindi eða ársrit hvers árs. Þessi tillaga verður send á póstlista Landskerfis og beðið um athugasemdir. Ákvarðanir skráningarráðs verði birtar á vef Landskerfis.

4. Skipting verkefna

Skráningarráð mun taka ákvörðun um og fara þess á leit við einstök söfn að taka að sér skráningu greina í tímaritum hvert á sínu fagsviði. Síðan verður gert samkomulag milli skráningarráðs og viðkomandi safna. Skráningarráð þarf að fá upplýsingar nýja titla og hvaða tímarit hafa verið efnistekin. Nú þegar hefur bókasafn Kennaraháskólans sent skráningarráði tillögu um tímarit sem þeir hafa skráð með ósk um að halda því áfram. Hvað varðar greiniskráningu greina og ritgerða í safnritum var rætt um að sjálfsagt væri að háskólar og stofnanir sjái um greiniskráningu rita kennara og starfsmanna hver hjá sinni stofnun.

Á næsta fundi mun skráningarráð gera lista yfir tímarit og gera tillögur um verkaskiptingu.

Rætt var um efnisorð. Íslensk efnisorð munu fara í þrjú svið í Gegni. Auk 690 sviðsins koma tvö svið frá Feng, eitt fyrir efnisorð skv. efnisorðalista og annað fyrir óstaðfest efnisorð.

Rafrænt efni sem gefið er út bæði í prentuðu og rafrænu formi þarf að skrá tvisvar. Hægt er að hafa tengingu í 856 sviðinu. Nokkuð var rætt um fyrirkomulag skráningar rafræns efnis. Með 16. útgáfu ALEPH-kerfisins mun fylgja búnaður til að fylgjast með vefslóðum.

Rætt var um verkaskiptingu með skráningu tónlistarefnis en farið hefur verið fram á samvinnu við Ríkisútvarpið. Beðið er eftir ákvörðun Ríkisútvarpsins. Árni ætlar að ganga í málið.

Tillaga kom fram um að í höfundaskrá sé eingöngu fæðingarár en ekki dánarár. Ekki voru allir fundarmenn sammála þessu.

Nokkrar umræður urðu um gæðastýringu Gegnis og eftirlit. Landskerfi þarf að finna aðferð til að gæðastýra. Fylgjast þarf með nýjum skrásetjurum. Skráningarráð þarf að setja reglur um skráningu, t.d. þarf að leita uppi ófullgerðar færslur. Í Gegni hafa nú 40 manns skráningarheimild. Í Landsbókasafni hefur starfsmaður sem starfar við skráningu íslensks efnis hærri heimild og getur læst færslu þegar hún er fullskráð. Fundurinn telur að allar reglur þurfi að vera skýrar hvað varðar það hverjir geti breytt skráningu frá öðrum söfnum.

Að lokum þáðu fundarmenn veitingar í boði Landskerfis bókasafna.

Fundarritari
Auður Gestsdóttir